

## Ábyrg kolefnisjöfnun

### Niðurstöður úr vinnustofu 1 - Staða kolefnisjöfnunar á Íslandi í dag:

Hóparnir voru sammála um að ekki væri um eiginlegt kerfi kolefnisjöfnunar að ræða og lýstu aðstæðum sem “villta vestrinu”, “frumskógi” og “þokukenndu”. Skilningur á hugtökum er ekki sá sami milli aðila í kerfinu og viðmið ósamræmd. Aðilar innan kerfisins hafa ekki sameiginlegan tilgang, það er engin heildaryfirsýn og upplýsingar komast ekki á milli kerfislega mikilvægra aðila.

Hlutverk og ábyrgð aðila í kerfinu hafa ekki verið skilgreind. Ef einn aðili hagar sér “illa” getur það kastað rýrð á alla aðra innan kerfisins. Tilgangur og tækifæri framleiðanda varðandi bindingu og/eða jöfnun er óljós sem leiðir til þess að nýsköpun fær ekki brautargengi í greininni. Kaupendur kolefniseininga geta keypt vottaðar einingar erlendis frá en ekki hér heima. Markaðurinn er ruglingslegur og fáir ef einhver með heildaryfirsýn yfir markaðinn. Þrátt fyrir þetta er kolefnisjöfnun að breytast hratt úr því að vera ímyndarmál í að vera hluti af kjarnastarfsemi.

Hlutverk stjórnvalda í kerfinu er óskilgreint og það vantar hvata til jöfnunar. Enginn skýr munur er á opinberum kröfum og valkvæðum markaði og hvert samspil þessara þátta er hefur ekki verið skilgreint.

Þá kom fram að binding mætti ekki koma í staðinn fyrir það að draga úr losun og að skilgreining á losun fyrirtækja væri ekki samræmd. Þetta dregur úr trúverðugleika.

Grænþvottur er áberandi í formi villandi markaðssetningar. Enginn viðmið eru til svo ekki er hægt að sannreyna slíkar fullyrðingar. Kaupendur óvottaðra eininga vita í raun ekki hvað þeir eru að kaupa. Skortur á skráningu eininga leiðir til óöryggis og vantrausts.

Kallað var eftir skilgreiningu á hugtökum en sum þeirra má nálgast [HÉR](#) á heimasíðu Loftslagsráðs.

### Væntingar til kerfisins:

Að það sé einfalt, gagnsætt og að það sé hægt að treysta því. Að umfang þess sé ekki stærra en það þarf að vera og að kostnaður þess sé í lágmarki. Að kolefniseiningar séu sambærilegar með samræmdri aðferðafræði. Að það sé á pari við erlend kerfi og að vottaðar einingar innan þess séu gjaldgengar á erlendum mörkuðum. Að það hafi skýran tilgang og gefi hagsmunaaðilum innan þess sameiginleg markmið og rými fyrir aukið samtal. Að það auki skilning okkar og almennings á kolefnisjöfnun/-bindingu og gagnsemi þess. Að kerfið skili virði til íslensks samfélags og náttúru. Að verkefni á borð við ræktun og verndun jarðvegs á Íslandi gangi inn í markmið ríkisins um kolefnishlutleysi. Þá eru væntingar til stjórnvalda um að lögfasta kerfi um kolefnismarkað með skýrt hlutverk og ábyrgð, skýr hlutverk opinberra stofnanna og einkaaðila, vottun eininga og vottaðan markað. Einnig að ríkið noti kolefnisgjöld til að kolefnisjafna og skýra umfang þess sem á að binda.

Það er sammæli þátttakenda að þörf sé á kerfi um ábyrga kolefnisjöfnun sem sé skýrt, gagnsætt og traust.

- Spurningar sem lagt var upp með:
- Hvernig starfar kerfi kolefnisjöfnunar á Íslandi í dag?
- Hverjir mynda þetta kerfi?
- Hvernig koma þessir aðilar að kerfinu?
- Hvarjar eru væntingar þeirra til hvers annars?
- Hvaða haugsmanaáðilar eru áðrir að kolefnisjöfnun á Íslandi. Hvar koma þeir inn í myndina?



**Kerfið er ekki kerfi** heldur "viltta vestrið", flókið og ógagnsætt. Væðni eru ósamræmd, skilningur ekki nægjanlegur, umræða í síðum og upplýsingar komast ekki á milli kerfislega mikilvægra aðila.

Hlutverk ríkisins óskilgreint. Vantar hvata til kolefnisjöfnunar. Þörf á að skýra muninn (og samspil) milli opinberra krafna og valkæðs markaðar.

Skortur á skýrum hlutverkum í kerfinu. Hver þer ábyrgð á hverju og hver á að gera hvað?

Þekking er ekki næg. Skilgreiningar á öllum þessum "kol" orðum þurfa að vera á hreinu til að tryggja sameiginlegan skilning allra hagsabilla.

## Kerfið: Staðan er óskipulögð, hún breytist hratt og hlutverk hagsaðila óskýrt.

Skilgreining kolefnisloosunar fyrirtækja ekki samræmd. Slíki dregur úr trúverðuleika. Verkefnið á sviði jöfnunar/þindingar oft nánstengd samfélagsábyrgð.

Fyrirtæki geta keypt kolefniseiningar til jöfnunar á markaði sem er mjög ruglingslegur og fáir hafa yfirsyn yfir. Verð á einingum er mjög misjafnt.

Fram undir þetta hefur kolefnisjöfnun frekar verið rekin sem imyndarmál í fyrirtækjum. Það er að breytast mjög hratt yfir í að verða að kjarnastarfsemi.

**Birtingarmynd stöðunnar:**

**Eftirspurn eftir sammæltu, skýrtu, gagnsæju og traustu kerfi til staðar**

**Kaupendur** (stofnanir sem gert er að kaupa vottabár einingar) kaupa af erlendum aðilum þar sem íslenski markaðurinn er óskilgreindur/ óþroskaður.

**Aþerandi** grænþvottur. Villandi markaðsseríng er staðreynd. Fyrirtæki geta haldið fram álls kyns hlutum og ónógulegt er að sannreyna yfirlýsingar á meðan viðmið eru ekki til.

**Kaupendur** óvottaðra eininga vita ekki hvað þeir eru að kaupa þar sem staðfestingu óháða þriðja aðila vantar.

**Skortur á skráningu** eininga leiðir til vantausts þar sem framleiðdar einingar eru ekki afskráðar með gagnsæjum hætti.

**Leikendur:**

Innanlands: Skógrækt, Vottendissjóður, Landgræðslan, Carbox, Koviður áttimulfi, neytendur, stjórnsvið, sveitarfélög, vottunaraðilar, einstaklingar/heimilli, landeigendur o.fl.

Alþjóðlegur markaður

**Væntingar:**

Væntingar um hagræðmi í kerfinu, þ.e. að það sé ekki of flókið, kostnaðarsamt eða umfangsmikið.

Væntingar til ríkisins að nota þá fjármuni sem þegar eru í kerfinu (kolefnisgjöld) til að kolerfnsjafna og skýra umfang þess sem á að binda.

Vottabár einingar verði til þannig að þær sé hægt að selja á innanlandsmarkaði og tengila við alþjóðlegan markað.

**Binding eða annar árangur í rauntíma.**

Væntingar kaupenda að uppræktun og vinnun jarðvegs á Íslandi verði sett í forgang og að jöfnun sem þeir kaupa gangi inn í marknið ríkisins um kolefnisjöfnun/hlutv st.

Að nýta það sem hægt er af "bestu venjum" erlendis og nýja alþjóðlegar leikreglur eins og hægt er til að koma á trúverðugum og gagnsæjum markaði með vottabár einingum.

Væntingar til stjórnmála um að löggesta kerfi um kolefnismarkað með skýrt hlutverk og ábyrgð, skýr hlutverk opinberra stofnana og einkaaðila, vottun eininga og vottabán markað.

Að frambod til jöfnunar/þindingar verði samanhvarðarhæft með samræmdri aðferðarfræði.